

Nd.

254. Frumvarp til laga

[115. mál]

um breyting á lögum nr. 41/1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

2. málsgr. 3. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður greiðir stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs að þremur fjórðu hlutum, en stofnkostnað heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla að níu tíundu hlutum.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður níu tíundu hluta upphitunarkostnaðar.

3. gr.

2. málsgr. 16. gr. laganna orðist þannig:

Annan kostnað af skólahlaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður þannig: Vegna heimangöngu-skóla að hálfu, en sveitarfélög að hálfu -- vegna heimavistarskóla greiðir ríkissjóður að níu tíundu hlutum, en sveitarsjóður einn tíunda hluta.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðastliðnu hausti áttu fund með sér í Reykjavík fulltrúar frá nokkrum af þeim sýslufélögum, sem standa undir kostnaði af héraðsskólum og húsmæðraskólum í sveitum: Frá Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu Björn Björnsson sýslumaður. Frá Árnessýslu Páll Hallgrímsson sýslumaður og Bjarni Bjarnason skólastjóri. Frá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Jón Steingrímsson sýslumaður. Frá Norður-Ísafjarðarsýslu Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður. Frá Vestur-Ísafjarðarsýslu þeir Jóhannes Davíðsson, Hjarðardal, og Sturla Jónsson, Suðureyri. Frá Vestur-Húnavatns- og Strandasýslu Sæmundur Guðjónsson skólastjóri. Munu þeir og hafa haft samráð við ráðamenn í öðrum sýslufélögum, sem eins stendur á um í þessu efni, og má ganga út frá, að þau sýslufélög standi einnig að þeirri ályktun, sem fyrrnefndir fulltrúar samþykktu á fundi sínum í Reykjavík.

Fer ályktun þeirra hér á eftir ásamt greinargerð, er henni fylgir:

„Vér undirritaðir fyrir hönd hlutaðeigandi skóla og sýslufélaga beinum hér með þeirri áskorun til ríkisstjórnar og alþingismanna, að á Alþingi því, er nú situr að störfum, verði gildandi lögum varðandi gagnfræðanám og húsmæðrafræðslu breytt þannig, að héraðsskólar og húsmæðraskólar í sveitum verði kostaðir og reknir að fullu af ríkinu, — en til vara, að ríkissjóður greiði öll kennaralaun við skóla þessa og 90% af stofnkostnaði, viðhaldskostnaði og öðrum rekstrarkostnaði þeirra.“

Greinargerð sú, er fyrr getur, hljóðar svo:

„Með lögum frá 1946 virðist vera gengið út frá, að nokkrum sýslufélögum í landinu verði lagðar þær skyldur á herðar að greiða stofnkostnað og rekstrarkostnað héraðsskóla og húsmæðra, ákveðið hlutfall á móti ríkissjóði. Engin samráð voru þó höfðu við forráðamenn þessara sýslufélaga um álögur þessar, og ekki var þeim jafnframt séð fyrir auknum tekjum, sem réttlætt gátu þessar álögur.“

Eftir ákvæðum eldri laga um skóla þessa var styrkur úr ríkissjóði það riflegur, að hann ásamt skólagjöldum stóð undir rekstri og að nokkru leyti undir stofn-
kostnaðarframlagi.

Sýslufélög og jafnvel einstök hreppsfélög veittu smávegis styrki til þessara skóla. Var það frjálst framlag og fór þá að sjálfsögðu eftir efnunum og ástæðum í hvert sinn.

Við setningu skólalöggjafarinnar 1946 var ekki gengið formlega frá því, hvaða sýslufélög tækju þessa skóla að sér. Var það raunar ekki fyrr en frá leið, að sýslu-
nefndum varð ljóst, hvað hér var í efni.

Í hlut sumra sýslufélaga komu tveir skólar, í annarra hlut einn skóli.

Við framkvæmd hinnar nýju skólalöggjafar voru stofnaðir nýir framhalds-
skólar á flestum hinna þéttbýlli staða. Í Árnessýslu, sem stendur undir héraðsskóla
og húsmæðraskóla ásamt ríkinu, eru t. d. 4—5 framhaldsskólar, sem kostaðir eru af
sjóðum viðkomandi hreppa á móti ríkissjóði. Það er hvorki til þess ætlað né heldur
mögulegt, að sýslusjóður veiti styrk til þessara skóla einstakra hreppsfélaga. Aftur
á móti verða þessi sömu hreppsfélög að bera hlutfallslega kostnað af skólunum á
Laugarvatni. Sama ástand og hér hefur verið lýst er einnig innan sýslufélaga, er að
hinum héraðs- og húsmæðraskólunum standa. Verður af þessu misræmi og rétt-
mæt óánægja.

Nokkur sýslufélög sleppa algerlega við allan kostnað af þessu hliðstæða skóla-
haldi.

Heill landsfjórðungur, Austurland, fær allan kostnað við Eiðaskóla greiddan úr
ríkissjóði, og sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli í Dalasýslu.

Þá viljum vér benda á það, að skólar þessir eru yfirleitt ekki nema að litlu leyti
sóttir af nemendum úr þeim sýslum, sem kostnaðinn bera. Veldur þar að sjálfsögðu
mestu fámenni sveitanna. Skal einnig á það bent, að varla mundu kaupstaðir lands-
ins telja sér skylt að standa undir skólahaldi, sem væri um 50—75% vegna nem-
enda úr öðrum héruðum að því er héraðsskólana snertir — en 50—97% þegar hús-
mæðraskólar eru meðtaldir.

Að lokum skal svo nefnt það, sem veigamest er, en það er féleysi sýslusjóð-
anna, hjá sumum m. a. vegna fámennis, hjá öðrum vegna margvíslegra bundinna
útgjalda og hjá öllum vegna takmarkaðra tekjustofna.

Afleiðing þessa ástands eru skuldir og vanskil við skólana annars vegar, en
ónógt viðhald mannvirkja og skortur á hæfilegri aðbúð og búnaði hins vegar.

Vér teljum hvorki sanngjarnt né mögulegt að ætla einstökum sýslufélögum að
standa undir kostnaði, sem að mestu leyti er vegna annarra skólahéraða, en láta
önnur sýslufélög og heilan landsfjórðung sleppa við hliðstæð gjöld.

Skal á það bent, að hér er um svo greinilega sérstöðu að ræða innan íslenska
skólakerfisins, að engin ástæða er til þess að gera ráð fyrir, að sú breyting, sem
hér hefur verið farið fram á að gerð verði, geti orðið fordæmi um aðra skóla.“

Ég hef, eins og frv. þetta ber með sér, tekið upp varatillögu þá, sem um ræðir í
ályktuninni, bæði að því er tekur til framlags ríkissjóðs til stofnkostnaðar þeirra
skóla, sem þar um ræðir, viðhaldskostnaðar og rekstrarkostnaðar. Þá legg ég til, að
sama gildi um húsmæðraskólana, hvort sem þeir eru í sveit eða kaupstað. Húsmæðra-
skólar í kaupstöðum eru sóttir af nemendum víðs vegar að, eins og sveitaskólarnir.

Það má að sjálfsögðu með hliðsjón af þeirri þróun, sem orðið hefur í skóla-
málum hér á landi síðustu árin, færa fyrir því sterk rök, að ríkissjóður beri allan
kostnað af rekstri þessara skóla. Þetta er nú gert að því er snertir Eiðaskólann. Er
með þessu létt af Austfirðingafjórðungi öllum kostnaði við rekstur héraðsskóla.
Sama er að segja um húsmæðraskólann á Staðarfelli, en sá skóli er í næsta ná-
grenni við húsmæðraskólann á Varmalandi, sem Mýra- og Borgarfjarðarsýslur
verða að bera kostnað af á móti ríkinu. En þrátt fyrir þetta hef ég ekki í þessum
tillögum mínum gengið lengra en svo, að áfram hvílir á sýslufélögum þeim, sem
að héraðs- og húsmæðraskólunum standa, nokkur þungi af viðhaldi og rekstri

þeirra. Er þá eðlilegt, að sýslufélög þessi hafi eftir sem áður í sinni hendi íhlutun um málefni skólanna, og verður að telja það undir öllum kringumstæðum hyggilegt.

Það eru færð fyrir því mjög skýr rök í greinargerð sýslufulltrúanna, að sýslufélög þau, er hér um ræðir, verði mjög hart úti og ósanngjarnlega, þegar þess er gætt, að nemendur úr öðrum sýslufélögum, sem engu þurfa til að kosta, eru í miklum meiri hluta í skólunum. Og eigi dregur það úr ósamræminu, að ríkið ber allan kostnað af hliðstæðum skólum, eins og að er vikið hér að framan.

Það mælir því öll sanngirni með því, að sú breyting verði hér á gerð, sem í frv. þessu felst. Mér hefur borizt bréf um þetta mál frá mjög merkim skólamanni, Þóri Steinþórssyni í Reykholti, þar sem hann mælir eindregið með fyrrnefndum tillögum og ræðir mál þetta nokkru nánar. Verður að því vikið í framsögu.